

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um sorphirðu og sorpeyðingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af „Grátunnu“ og „Blátunnu“ og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Sorphirðugjald

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna kr.</i>	<i>Blátunna kr.</i>
240 l	12.605	5.467
660 l	36.373	16.737
1.100 l	59.778	27.053

Grátunna: losun á 14 daga fresti.

Blátunna: losun á 42 daga fresti.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Sorpeyðingargjald

Íbúðarhúsnæði	13.786 kr.
Frístundahúsnæði	9.101 kr.
Lögbýli	6.068 kr.
Fyrirtæki	12.135 kr.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m^3 þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Húsráðanda er heimilt að afsetja á sjö daga fresti heimilisúrgang allt að $2 m^3$ án gjaldtöku. Gjaldtakan er að lágmarki fyrir $0,25 m^3$ og hleypur á $0,25 m^3$ eftir það.

Móttökugjald á einn m^3 er kr. 4.000.

5. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 7. desember 2011 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 24. janúar 2012. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 132/2011 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 30. janúar 2012.

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2012